

Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1.1 - 30.06 2022

Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1.1 - 30.06 2022

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um eigið fé	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-15

Skýrsla stjórnar

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins í Hafnarfirði.

Tilgangur Isavia samstæðunnar er þjónustustarfsemi tengd flugi og rekstur og uppbygging flugvalla landsins. Samstæðuárshlutareikningur Isavia ohf. tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélaganna Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvöllir ehf. og Fríhöfnin ehf. Isavia ANS ehf. á svo dótturfélagin Tern Systems ehf. og Suluk ApS en svo á Tern Systems ehf. dótturfélagið Tern Branch Hungary.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga. Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Rekstur tímabilsins janúar til júní 2022

Samkvæmt rekstrarreikningi Isavia ohf. námu rekstrartekjur tímabilsins 15.813 milljónum króna (1.1-30.6 2021: 6.281 milljónir króna). Hagnaður tímabilsins nam 501 milljón króna (1.1-30.6 2021: 3.514 milljóna króna tap). Jákvæður gengismunur nam 2.154 milljónum króna (1.1-30.6 2021: jákvætt sem nam 2.230 milljónum króna). Laun og annar starfsmannakostnaður nam á tímabilinu 9.639 milljónum króna (1.1 - 30.6 2021: 7.172 milljónir króna). Meðalföldi stöðugilda á tímabilinu var 1.146 (1.1 - 30.6 2021: 930).

Þann 30. júní 2022 námu heildareignir félagsins 87.961 milljón króna (31.12.2021: 88.107 milljónir króna). Eigið fé 30. júní 2022 nam 37.078 milljónum króna (31.12.2021: 36.579 milljónir króna) og eiginfjárlutfall félagsins var 42,15% þann 30. júní 2022 (31.12.2021: 41,52%).

Vakin er athygli á niðurfærslu viðskiptakrafna sem inniheldur niðurfærslu vegna falls Wow air frá árinu 2019. Vísað er í skýringu 11 í samstæðuárshlutareikningnum vegna stöðu málaferla tengt þeirri niðurfærslu.

Hlutafé og hluthafi

Hlutafé þann 30. júní 2022 nam 18.559 milljónum króna (31.12.2021: 18.559 milljónir króna). Ríkissjóður er eini hluthafinn í félaginu.

Framtíðarhorfur

Farþegar eru að skila sér hraðar til Íslands en áætlanir gerðu ráð fyrir með aukinni tíðni flugferða og betri sætanýtingu í vélum. Endurheimtan er því að skila sér hraðar og flugfélög sjá tækifæri í Íslandi sem áfangastað og tengistöð.

Í lok febrúar 2022, eftir afléttingu á öllum opinberum sóttvarnaaðgerðum vegna covid faraldursins, jókst umferð um Keflavíkurflugvöll jafnt og þétt og hefur verið nokkuð umfram áætlanir Isavia á árinu 2022. Heildarfarþegafjöldi um Keflavíkurflugvöll á fyrri helmingi ársins nam tæpum 2,3 milljónum sem er um 820% aukning frá sama tímabili árið á undan og um 66% af farþegafjöldanum árið 2019. Tekjuaukning vegna aukinna umsvifa nam rúmlega 9,5 milljörðum króna en stærstur hluti af því er tilkominn vegna aukinna umsvifa á Keflavíkurflugvelli eða um 94% af heildartekjuaukningu samstæðunnar.

Rekstrargjöld samstæðunnar jukust um 5,4 milljarða króna en stærstur hluti af þeirri aukningu er tilkominn vegna aukinna umsvifa. Launakostnaður hækkaði um 2,5 milljarða króna milli ára og vörunotkun hjá Fríhöfninni hækkaði um 2,2 milljarða króna.

Stjórnendur félagsins eru því bjartsýnir á komandi vetur og meðal annars er gert ráð fyrir að 20 flugfélög fljúgi til Íslands yfir vetrartímamann sem er mesti fjöldi flugfélaga yfir vetrartímabil frá upphafi.

Skýrsla stjórnar

Eigandi Isavia ohf. tók ákvörðun um að auka hlutfé félagsins og hafa verið greiddir inn tæpir 15 milljarðar króna af nýju hlutfé síðan Covid faraldurinn byrjaði til að mæta að hluta til því tjóni sem varð og styðja við getu félagsins til að halda áframhaldandi uppbyggingu á innviðum á þjónustu og afkastagetu Keflavíkurflugvallar.

Í júlí síðastliðnum var hlutfé aukið um 2 milljarða króna til að styrkja áframhaldandi innviðaupbyggingu Keflavíkurflugvallar.


Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Það er álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuárshlutareikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta hér með samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 með undirritun sinni.

Hafnarfjörður, 20. september 2022


Í stjórn




Kristján Þór Júlíusson
stjórnarformaður



Hólmfríður Árnadóttir



Matthías Páll Imsland




Jón Steindór Valdimarsson



Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir

Forstjóri



Sveinbjörn Indriðason

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Isavia ohf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Isavia ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 20. september 2022



Hinrik Þór Hardarson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1.1 - 30.06 2022

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.06 2022	1.1 - 30.06 2021
Rekstrartekjur	4	15.812.785	6.280.926
Kostnaðarverð seldra vara		(2.503.827)	(340.380)
Laun og annar starfsmannakostnaður	5	(9.639.037)	(7.171.510)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(269.599)	(119.030)
Annar rekstrarkostnaður		(2.432.813)	(1.853.646)
		<u>(14.845.276)</u>	<u>(9.484.567)</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir afskriftir		967.509	(3.203.641)
Afskriftir	7,8,9	(1.952.830)	(1.925.153)
		<u>(985.321)</u>	<u>(5.128.794)</u>
Rekstrartap			
Fjármunatekjur	6	166.100	29.325
Fjármagnsgjöld	6	(701.312)	(663.969)
Gengismunur	6	2.153.926	2.229.769
		<u>633.394</u>	<u>(3.533.669)</u>
Hagnaður (tap) fyrir skatta			
Tekjuskattur		(132.480)	19.632
		<u>500.914</u>	<u>(3.514.037)</u>
Heildarafkoma tímabilsins			

Efnahagsreikningur 30. júní 2022

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		30.06 2022	31.12 2021
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	7	64.341.058	59.636.877
Óefnislegar eignir	8	4.206.491	4.355.599
Nýtingarréttur	9	328.415	361.213
Eignarhlutar í öðrum félögum		5.000	0
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur		1.986.215	1.994.507
Reiknuð skattinneign	14	1.046.077	1.178.092
		<u>71.913.256</u>	<u>67.526.288</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		549.815	416.507
Viðskiptakröfur	11	4.197.022	3.172.511
Næsta árs hluti skuldabréfaeignar og annarra langtímakrafna		513.448	527.503
Aðrar skammtímakröfur	11	2.269.835	1.781.052
Handbært fé		8.517.556	14.682.766
		<u>16.047.676</u>	<u>20.580.337</u>
Eignir		<u>87.960.932</u>	<u>88.106.625</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	12	18.559.063	18.559.063
Lögbundinn varasjóður		2.483.798	2.483.798
Sérstakur endurmatsreikningur		39.050	39.712
Óráðstafað eigið fé		15.996.284	15.496.253
		<u>37.078.195</u>	<u>36.578.827</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	13	40.190.841	42.617.951
Leigusamningar	9	237.941	276.036
		<u>40.428.782</u>	<u>42.893.988</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	15	4.920.254	3.800.969
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	1.367.967	1.829.083
Næsta árs afborganir leigusamninga	9	103.063	94.606
Ógreiddir reiknaðir skattar	14	135	740
Aðrar skammtímaskuldir	15	4.062.535	2.908.413
		<u>10.453.955</u>	<u>8.633.811</u>
Skuldir		<u>50.882.737</u>	<u>51.527.798</u>
Eigið fé og skuldir		<u>87.960.932</u>	<u>88.106.625</u>

Yfirlit um eigið fé 1.1 - 30.06 2022

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2021	9.559.063	2.483.798	41.036	15.175.455	27.259.353
Nýtt hlutfé	3.000.000	0	0	0	3.000.000
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	(1.672)	(1.672)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	(3.514.037)	(3.514.037)
Eigið fé 30. júní 2021	12.559.063	2.483.798	40.374	11.660.409	26.743.644
Eigið fé 1. janúar 2022	18.559.063	2.483.798	39.712	15.496.253	36.578.827
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	(1.546)	(1.546)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	500.914	500.914
Eigið fé 30. júní 2022	18.559.063	2.483.798	39.050	15.996.284	37.078.195

Engin arðgreiðsla var á tímabilinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.

Yfirlit um sjóðstreymi 1.1 - 30.06 2022

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.06 2022	1.1 - 30.06 2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(985.321)	(5.128.794)
Afskriftir	7,8,9	1.952.830	1.925.153
Niðurfærsla skammtímakrafna		(69.933)	(78.258)
Hagnaður (tap) af sölu rekstrarfjármuna		(376)	434
Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		897.200	(3.281.465)
Vörubirgðir (hækkun)		(140.835)	(42.309)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun)		(1.281.854)	(2.198.571)
Rekstrartengdar skuldir hækkun		2.391.722	3.136.526
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		1.866.232	(2.385.818)
Innborgaðir vextir		79.405	22.589
Greiddir vextir og gengismunur		(884.297)	(458.306)
Handbært fé frá (til) rekstrar		1.061.341	(2.821.536)
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunun og óefnislegum eignum	7,8	(6.457.059)	(1.863.311)
Afborganir skuldabréfa		27.270	26.505
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(5.000)	0
Fjárfestingahreyfingar		(6.434.788)	(1.836.806)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé		0	3.000.000
Nýjar langtímaskuldir		0	183.024
Afborganir langtímaskulda		(649.194)	(218.158)
Afborganir leigusamninga		(47.611)	(46.045)
Fjármögnunarhreyfingar		(696.805)	2.918.820
Lækkun handbærs fjár		(6.070.253)	(1.739.522)
Handbært fé í upphafi tímabils		14.682.766	9.372.336
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(94.957)	(252.107)
Handbært fé í lok tímabilsins		8.517.556	7.380.708

Skýringar

1. Starfsemi

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins í Hafnarfirði.

Isavia og dótturfélög annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýra jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Þann 1. janúar 2020 var gerð uppskipting á Isavia ohf. þar sem rekstur flugleiðsögu og rekstur innanlandsflugvalla var færður í sér félög. Rekstrarhluti flugleiðsögu færðist til dótturfélagsins Isavia ANS ehf. og rekstrarhluti innanlandsflugvalla færðist til dótturfélagsins Isavia Innanlandsflugvöllur ehf.

Samstæðuarshlutareikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvöllur ehf., Fríhöfnin ehf., Tern Systems ehf., Tern Ungverjalandi og Suluk ApS á Grænlandi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Isavia ohf. fyrir tímabilið 1.1 - 30.06 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur Isavia ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2021.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2021. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess; www.isavia.is.

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að ein eign fastafjármuna er endurmetin.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- rekstrarfjármunir
- óefnislegar eignir
- vörubirgðir
- viðskiptakröfur
- tekjuskattskuldbinding og tekjuskattsinnæign

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	1.1 - 30.06 2022	1.1 - 30.06 2021
Tekjur Flugleiðsögu.....	3.539.041	3.022.684
Tekjur Innanlandskerfis.....	1.311.402	1.258.848
Tekjur Keflavíkurflugvallar.....	5.573.055	1.055.051
Tekjur annarra starfsþátta.....	157.218	173.025
Tekjur af vörusölu.....	5.232.068	771.317
	<u>15.812.785</u>	<u>6.280.926</u>

Skýringar

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1.1 - 30.06 2022	1.1 - 30.06 2021
Laun	7.382.867	5.580.070
Launatengd gjöld	1.823.244	1.400.067
Annar launa- og starfsmannakostnaður	432.926	191.373
	<u>9.639.037</u>	<u>7.171.510</u>

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur

	1.1 - 30.06 2022	1.1 - 30.06 2021
Vaxtatekjur af bankareikningum	138.395	4.543
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga	4.563	3.530
Aðrar vaxtatekjur	23.143	21.252
	<u>166.100</u>	<u>29.325</u>

Fjármagnsgjöld

	1.1 - 30.06 2022	1.1 - 30.06 2021
Vaxtagjöld og verðbætur	(611.965)	(632.316)
Önnur vaxtagjöld	(89.347)	(31.653)
	<u>(701.312)</u>	<u>(663.969)</u>

Gengismunur

	1.1 - 30.06 2022	1.1 - 30.06 2021
Gengismunur	2.153.926	2.229.769

7. Rekstrarfjármunir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöð og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í upphafi tímabils	40.209.619	22.862.265	2.744.931	16.058.597	81.875.413
Leiðrétt milli flokka	0	(1.082.652)	656.046	955.986	529.380
Eignfært á tímabilinu	2.876.894	1.658.902	38.018	1.843.275	6.417.089
Aflagt á tímabilinu	0	0	(12.969)	(220.785)	(233.754)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(2.841)	(2.841)
Staða í lok tímabils	<u>43.086.513</u>	<u>23.438.515</u>	<u>3.426.027</u>	<u>18.634.232</u>	<u>88.585.287</u>
Afskriftir					
Staða í upphafi tímabils	9.581.911	5.131.971	1.264.560	6.260.094	22.238.537
Leiðrétt milli flokka	0	(1.082.652)	656.046	955.986	529.380
Afskriftir tímabilsins	544.913	397.374	145.576	624.759	1.712.622
Aflagt á tímabilinu	0	0	(12.969)	(220.785)	(233.754)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(2.557)	(2.557)
Staða í lok tímabils	<u>10.126.824</u>	<u>4.446.693</u>	<u>2.053.214</u>	<u>7.617.498</u>	<u>24.244.229</u>
Bókfært verð					
Bókfært verð í upphafi tímabils	30.627.708	17.730.294	1.480.371	9.798.503	59.636.875
Bókfært verð í lok tímabils	<u>32.959.689</u>	<u>18.991.822</u>	<u>1.372.813</u>	<u>11.016.734</u>	<u>64.341.058</u>
Afskriftarhlutföll	0-14%	2-20%	5-33%	5-33%	

Framkvæmdir eru í Flugstöð Leifs Eiríkssonar vegna stækkana á flugstöðinni og breytinga á rýmum auk framkvæmda á flugvallarsvæðinu. Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2022 voru eignfærðar, vegna framkvæmda og annarra breytinga, um 6.417 milljónir króna. Framundan eru áframhaldandi framkvæmdir vegna stækkunar flugstöðvar og breytinga á rýmum auk áframhaldandi framkvæmda á flugvallarsvæðinu. Þann 30. júní 2022 voru til staðar skuldbindingar utan efnahags vegna samninga sem tilheyra þeim framkvæmdum sem framundan eru og nemur skuldbindingin um 8.779 milljónum króna.

Skýringar

8. Óefnislegar eignir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og þróunarkostnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í upphafi tímabils	477.035	5.706.000	1.452.253	7.635.288
Eignfært á tímabilinu	0	0	40.550	40.550
Aflagt á tímabilinu	0	0	(215.721)	(215.721)
Staða í lok tímabils	477.035	5.706.000	1.277.083	7.460.118
Afskriftir				
Staða í upphafi tímabils	206.752	2.473.036	599.900	3.279.688
Afskrift tímabilsins	7.950	95.087	86.623	189.660
Aflagt á tímabilinu	0	0	(215.721)	(215.721)
Staða í lok tímabils	214.701	2.568.124	470.802	3.253.627
Bókfært verð				
Bókfært verð í upphafi tímabils	270.283	3.232.964	852.353	4.355.600
Bókfært verð í lok tímabils	262.334	3.137.876	806.281	4.206.491
Afskriftarhlutföll	3,3%	3,3%	0-10%	

Þróunarkostnaður að fjárhæð um 62,5 milljónir króna vegna vinnu við þróun hugbúnaðar sem ætlaður er til sölu á heimsmarkaði var eignfærður á árunum 2012 til 2015. Um er að ræða eignfærslu á einni af vörum félagsins sem nefnd er Polaris. Hugbúnaðurinn er í notkun hjá viðskiptavinum víða um heim. Þróunarkostnaður er færður til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega. Niðurstöður eru að endurheimtanlegt virði búnaðarinnar er umfram bókfært virði og það er mat stjórnenda að þróunarkostnaður hafi ekki rýrnað á tímabilinu janúar til júní 2022.

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf., og Varnarmálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands, sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en Isavia ohf. skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landshelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

9. Leigusamningar

	Fasteignir og lóðir	
Nýtingarréttur		
Staða í upphafi tímabils		361.213
Verðbætur af leiguskuldbindingu		17.750
Afskriftir		(50.548)
Staða í lok tímabils		328.415
Upphæðir færðar í rekstrarreikning		
	1.1-30.6 2022	1.1-30.6 2021
Afskriftir af nýtingarrétti	50.548	49.072
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	9.685	8.024
Samtals gjaldfært á tímabilinu	60.233	57.096
Leiguskuldbinding		
Leiguskuldir, langtímahluti	237.941	276.036
Leiguskuldir, afborgun næstu 12 mánaða meðal skammtímaskulda	103.063	94.606
	341.004	370.642
Leiguskuldbinding		
Gjalddagagreining, ónúvirtar leigugreiðslur	30.6 2022	31.12 2021
Innan árs	116.713	110.168
Efúr ár en innan 5 ára	224.317	258.512
5 ár og síðar	81.717	79.763
	422.747	448.443

Skýringar

10. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi félögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Dótturfélag Isavia ohf.			
Frihöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli	100,00%	50.000	Verslunarstarfsemi
Isavia ANS ehf., Reykjavíkurflugvelli	100,00%	310.500	Flugleiðsöguþjónusta
Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Reykjavíkurflugvelli	100,00%	52.350	Rekstur innanlandsflugvalla
Dótturfélag Isavia ANS ehf.			
Suluk ApS - Grænlandi	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra
Tern Systems ehf., Kópavogi	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Dótturfélag Tern Systems ehf.			
Tern Branch Hungary, Ungverjalandi	100,00%	16.877	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf

11. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	30.06 2022	31.12 2021
Innlendar viðskiptakröfur	3.869.617	3.263.762
Erlendar viðskiptakröfur	716.308	400.766
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(2.187.436)	(2.254.744)
Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins	1.798.534	1.762.726
	<u>4.197.022</u>	<u>3.172.511</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningsskiladegi. Mat á niðurfærslu viðskiptakrafna í lok tímabilsins í samræmi við kröfur IFRS 9 var eftirfarandi:

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldurflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlægur vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar innan samstæðunnar eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluferðileikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Þann 28. mars 2019 beitti Isavia stöðvunarheimild á loftfar sem hafði verið í rekstri Wow air á grundvelli ógreiddra notendagjalda vegna starfsemi flugfélagsins á Keflavíkurflugvelli. Eigandi flugvélarinnar höfðaði innsetningarmál fyrir héraðsdómi Reykjaness sem hnekkti stöðvuninni þrátt fyrir skýr ákvæði laga sem heimilðu stöðvunina að mati félagsins. Vegna þessa úrskurðar héraðsdóms Reykjaness þótti rétt að færa kröfu að fjárhæð 2.063 milljónir króna niður í bókum samstæðunnar þrátt fyrir þá skoðun samstæðunnar að um rangan úrskurð hafi verið að ræða.

Isavia höfðaði skaðabótamál gegn eiganda loftfarsins og Ríkissjóði vegna tjóns sem af innsetningargerðinni hlaut. Með dómi héraðsdóms frá 22. desember 2021 (Mál E-1085/2020) var fallist á allar kröfur Isavia auk greiðslu málskostnaðar. Málinu hefur verið áfrýjað af hálfu stefndu.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Taflan hér á eftir sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum viðskiptakrafna.

Dagar fram yfir gjalddaga	30.06 2022			
	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,8%	2.171.867	16.732	2.155.136
1-90 daga	10,0%	163.450	16.405	147.045
91-180 daga	15,1%	21.719	3.277	18.442
181-270 daga	21,2%	14.392	3.057	11.335
>271 daga	97,0%	2.214.496	2.147.965	66.530
Samtals		4.585.924	2.187.436	2.398.489

Dagar fram yfir gjalddaga	31.12 2021			
	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,7%	1.048.828	7.360	1.041.469
1-90 daga	9,4%	236.512	22.338	214.174
91-180 daga	9,6%	35.794	3.429	32.365
181-270 daga	15,6%	9.516	1.489	8.027
>271 daga	95,1%	2.333.878	2.220.128	113.750
Samtals		3.664.528	2.254.744	1.409.784

Aðrar skammtímakröfur

	30.06 2022	31.12 2021
Virðisaukaskattur	727.099	451.418
Fyrirframgreiddur kostnaður	318.233	126.632
Fjármagnstekjuskattur	646.787	616.933
Ógreiddir óinnheimtir vextir	79.352	0
Fyrirframgreidd laun	0	38.409
Aðrar kröfur	498.364	547.660
	2.269.835	1.781.052

12. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok tímabilsins	18.559.063	100,0%	18.559.063

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutfé er að fullu greitt. Í júlí 2022 var hlutfjárukning að fjárhæð 2 milljarðar króna frá íslenska ríkinu og er að fullu greidd.

Skýringar

13. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06 2022	31.12 2021
Skuldir í EUR	36.040.696	38.810.565
Skuldir í ISK	5.518.113	5.636.469
	41.558.808	44.447.034
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(1.367.967)	(1.829.083)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins / ársins	40.190.841	42.617.951

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06 2022	31.12 2021
Afborganir 1.7.2022 - 30.6.2023 / 1.1.2022 - 31.12.2022	1.367.967	1.829.083
Afborganir 1.7.2023 - 30.6.2024 / 1.1.2023 - 31.12.2023	1.908.105	2.118.586
Afborganir 1.7.2024 - 30.6.2025 / 1.1.2024 - 31.12.2024	2.089.915	2.406.661
Afborganir 1.7.2025 - 30.6.2026 / 1.1.2025 - 31.12.2025	2.271.856	2.790.083
Afborganir 1.7.2026 - 30.6.2027 / 1.1.2026 - 31.12.2026	6.756.358	14.174.447
Afborganir síðar	27.164.608	21.128.175
	41.558.808	44.447.034

Lán að fjárhæð 40.694 milljónum króna eru háð fjárhagsskilyrðum varðandi hlutfall eigin fjár. Þar af eru lán að fjárhæð um 36.464 milljón króna einnig háð skilyrðum um hlutfall hreinna vaxtaberandi skulda af EBITDA. Reglulega er farið yfir fjárhagsskilyrðin og var fjárhagsskilyrðið um hlutfall hreinna vaxtaberandi skulda af EBITDA fallið í lok júní 2022. Lánveitendur félagsins voru í byrjun árs allir búnir að staðfesta formlega að þeir muni ekki virkja fjárhagsskilyrðið tímabundið.

14. Tekjuskattsinnæign

	Tekjuskattsinnæign	
	30.06 2022	31.12 2021
Staða í upphafi tímabilsins	1.178.092	(299.665)
Reiknaður tekjuskattur	(132.480)	1.476.997
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári vegna tímabilsins	135	740
Þýðingarmunur	329	20
Staða í lok tímabilsins	1.046.077	1.178.092

Tekjuskattsinnæign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins

	30.06 2022	31.12 2021
Rekstrarfjármunir	(2.207.679)	(2.345.065)
Veltufjáreignir	416.545	430.559
Frestaður gengismunur	(418.754)	(7.296)
Aðrir liðir	5.159	(932)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	3.250.805	3.100.825
	1.046.077	1.178.092

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	30.06 2022	31.12 2021
Nýtanlegt til ársins 2030	10.740.253	11.165.417
Nýtanlegt til ársins 2031	4.453.227	4.338.709
Nýtanlegt til ársins 2032	1.060.546	0
	16.254.027	15.504.126

Skýringar

15. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	30.06 2022	31.12 2021
Innlendar viðskiptaskuldir	2.512.663	1.623.488
Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar	1.703.441	1.931.502
Erlendar viðskiptaskuldir	704.150	245.979
	<u>4.920.254</u>	<u>3.800.969</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	30.06 2022	31.12 2021
Virðisaukaskattur	24.890	38.369
Laun og launatengd gjöld	1.604.319	689.498
Launaskuldbindingar	2.052.950	1.644.597
Áfallnir vextir	114.982	307.136
Óloknir verkamningar	8.659	3.363
Fyrirframinnheimtar tekjur	182.746	172.749
Aðrar skuldir	73.990	52.701
	<u>4.062.535</u>	<u>2.908.413</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.06 2022	31.12 2021
Skuldir við lánastofnanir	1.367.967	1.829.083
	<u>1.367.967</u>	<u>1.829.083</u>

16. Önnur mál

Í lok febrúar, eftir afléttingu á öllum opinberum sóttvarnaaðgerðum vegna covid faraldursins, jókst umferð um Keflavíkurflugvöll jafnt og þétt og hefur verið nokkuð umfram áætlanir Isavia á árinu 2022. Heildarfarþega fjöldi um Keflavíkurflugvöll á fyrri helmingi ársins nam tæpum 2,3 milljónum sem er um 820% aukning frá sama tímabili árið á undan og um 66% af farþega fjöldanum árið 2019.

Í júlí síðastliðnum var hlutafé aukið um 2 milljarða króna til að styrkja áframhaldandi innviðauppbyggingu Keflavíkurflugvallar.

17. Samþykki samstæðuárshlutareiknings

Samandregni samstæðuárshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 20. september 2022.